


Vefrit fjármálaráðuneytisins

14. febrúar 2008

Atvinnuleysi í janúar hið lægsta í 20 ár

Í nýbirtum tölum Vinnuálastofnunar um skráð atvinnuleysi í síðasta mánuði kemur fram að hlutfallslegt atvinnuleysi reiknast 1,1% af vinnuafli. Þetta er minnsta atvinnuleysi í þessum mánuði í 20 ár. Þegar tekið hefur verið tillit til árstíðarleiðréttingar er atvinnuleysisfallið 0,9% og stendur það óbreytt milli mánaða. Samtals fjölgaði atvinnulausum á skrá um 208 í mánuðinum og helmingur þeirrar fjölgunar var á höfuðborgarsvæðinu. Atvinnulausum fjölgaði mest utan höfuðborgarsvæðisins í Fjarðabyggð, Ölfusi og Vestmannaeyjum en þeim fækkaði í Fjallabyggð og Norðurljósi. Um það bil 300 manns komu nýir inn á atvinnuleysisráð í janúar sem er fjölgun frá fyrra mánuði. Enda þótt fjölgun í þessum hópi sé undanfari vaxandi atvinnuleysis er fjöldi þeirra sem koma nýir inn á atvinnuleysisráð ennþá lítil. Fjölgað hefur í hópi þeirra sem verið hafa á skránni 4-8 vikur, minna í hópi þeirra sem verið hafa á skrá frá 2-6 mánuði á meðan ennþá fækkar í hópi þeirra sem hafa verið án atvinnu lengur en hálf ár. Hingað flyst enn erlent vinnuafli og fjöldi á vegum starfsmanna-leiga er meiri en hann var í síðasta mánuði. Bendir þetta til þess að enn ríki mikil spennan á vinnumarkaði. Í nýrri þjóðhagsspá er hlutfallslegu atvinnuleysi spáð að aukast nokkuð í ár. Nýliðin þróun bendir til að sú aukning verði minni en þar er gert ráð fyrir.


Fjöldi atvinnulausra í lok janúar 2000–2008



Mikill aðflutningur

Í nýútgefnum tölum Hagstofu Íslands um búferlaflutninga árið 2007 kemur fram að það dró lítið úr íbúafjölgun vegna búferlaflutninga milli landa ef miðað er við árin 2005 og 2006 þegar aukningin var mest. Aðfluttir umfram brottflutta voru 3.352 árið 2007 sem er 1% af íbúafjölda landsins. Þó hefur þróunin verið mismunandi milli einstakra landsvæða eins og sjá má á myndinni. Þannig voru aðfluttir umfram brottflutta milli landa á höfuðborgarsvæðinu 3.257, eða um 1.000 fleiri en árið 2006. Aðfluttum umfram brottflutta fjölgaði einnig á landsbyggðinni utan Austurlands og var fjölgun vegna þeirra nær 1.300 manns. Þar munar mest um Suðurnes þar sem nettóflutningur

Aðfluttir umfram brottflutta í flutningum milli landa




nam 340 manns. Á Vesturlandi var munurinn 280 og á Norðurlandi eystra 260. Það er einungis á Austurlandi sem brottfluttir eru fleiri en aðfluttir í flutningum milli landa. Það stafar af því að framkvæmdunum eystra er nær lokið og starfsmenn á vegum hinna erlendu verktaka eru farnir á brott. Mismunur aðfluttra og brottfluttra er 1.453 þrátt fyrir það að rúmlega þúsund manns hafi flust til Austurlands í fyrra frá útlöndum. Það var einungis árin 2005 og 2006 sem fleiri fluttust þangað frá útlöndum. Þessar tölur sýna ótvírætt að árið 2007 var meiri eftirspurn eftir vinnuafli hér á landi en nokkru sinni fyrr og að enn er engin merki um að slakna sé á í þeim efnum. Að einu leyti er árið 2007 frábrugðið fyrri árum. Á árunum 2004 til 2006 voru karlar mun fleiri en konur í hópi aðfluttra eftir að kynjaskipting hafði verið jöfn til margra ára. Konur hefur að vísu fjölgað í hópi aðfluttra en körlunum meira þar til í fyrra. Þá fluttust örlítið færri karlar til landsins en árið 2006 meðan konurnar hafa aldrei verið fleiri. Þetta bendir til þess að vaxandi fjöldi aðfluttra sé að sameina fjölskyldur og þá jafnframt að festa sig í sessi hér á landi. Jafnframt bendir þetta til þess að eftirspurn eftir vinnuafli í fleiri atvinnugreinum sé nú sinnt af erlendu starfsfólki en áður var.

Stýrivaxtaákvörðun Seðlabankans

Seðlabanki Íslands hefur í dag ákveðið að halda stýrivöxtum óbreyttum, í 13,75%. Í endurskoðaðri þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins sem birt var 15. janúar sl. er gert ráð fyrir að Seðlabankinn hefji lækkingu stýrivaxta á seinni hluta þessa árs. Sú spá er í samræmi við yfirlýsingar Seðlabankans um væntan stýrivaxtaferil. Nauðsynlegt er að setja inn forsendur um þennan þátt eins og aðra í gerð þjóðhagsspár. Líkt og í haustspá er í þjóðhagsspánni gert ráð fyrir að stýrivextir taki að lækka á síðari hluta ársins í ákveðnum skrefum allt þar til þeir verða komnir niður í 5,5% í lok árs 2009. Sú spá byggir á þeirri forsendu að niðurstaða kjarasamninga verði hófleg, spennan á vinnumarkaði hjaðni, gengisþróun haldist hagstæð, að ótvíræðar vísbendingar komi fram um minnkandi innlenda eftirspurn og að ekki komi til frekari stóriðjuframkvæmda á árinu. Miðað við það er gert ráð fyrir að stýrivextir verði að meðaltali 13,2% árið 2008 og 7,8% árið 2009.

Væntur stýrivaxtaferill Seðlabanka Íslands



Ljóst er að forsendur þjóðhagsspár hafa breyst nokkuð þótt um gagnverkandi áhrif á innlenda eftirspurn sé að ræða. Ástand á alþjóðlegum fjármálamörkuðum hefur dregið úr framboði af lausafé og það lagst á sveif með aðhaldssamri hagstjórn við að draga úr innlendra eftirspurn. Merkjanlega hefur dregið úr veltu á fasteignamarkaði að undanförunu. Á móti hefur verið fasteigna haldið áfram að hækka og gengi krónunnar lækkað. Þá benda tölur um greiðslukortaveltu í janúar til að einkaneysla sé enn að aukast. Eins og kemur fram í grein hér að ofan ríkir spennan á vinnumarkaði og kaupmáttur ráðstöfunartekna er enn að aukast. Þá hafa líkur aukist að stóriðjuframkvæmdir í Helgúvík hefjist í ár. Þótt umtalsverð óvissa tengist efnahagshorfum er ekki ósennilegt að Seðlabankinn telji þörf á aðhaldi í peningastefnunni enn um sinn, eða þar til skýr merki eru kominn fram um að tekið sé að draga úr spennu og að verðbólguvæntingar samræmist verðbólgu markmiði.

Tekjur ríkissjóðs janúar – desember

12 mánaða breyting (%)	2006	2007
Skatttekjur og trygg.gjöld	12,5	11,7
Skattar á tekjur og hagnað	24,5	14,6
Eignarskattar	-38,5	27,7
Skattar á vöru og þjónustu	9,0	9,2
Tryggingagjöld	15,4	5,2
Tekjur alls	-4,5	18,7

Gjöld ríkissjóðs janúar – desember

12 mánaða breyting (%)	2006	2007
Almenn opinber þjónusta	...	38,2
Heilbrigðismál	...	10,0
Alm.trygg. & velferðarmál	...	18,2
Efnahags- og atvinnumál	...	20,7
Menntamál	...	9,5
Gjöld alls	...	17,4

Afkoma ríkissjóðs janúar – desember

Milljónir króna	2006	2007
Handbært fé frá rekstri	65.719	60.958
Hreinn lánsfjárfjöfnuður	-25.435	-2.144
Afborgun lána	-46.097	-33.837
Brúttó lánsfjárfjöfnuður	-75.531	-48.481
Lántökur	115.713	58.939
Greiðsluafkoma	40.182	10.457

Ýmsar hagtölur

12 mánaða breyting (%)	2007	2008
Verðbólga (janúar)	6,9	5,9
Kjarnaverðbólga (janúar)	7,1	5,9
Launavísitala (des. '07)	9,8	8,6
Heildarvelta (jan.-okt. '07)	13,5	8,3
Smásöluvelta (jan.-okt. '07)	5,7	9,3
Atv.leysi, árst.leiðr. (janúar)	1,3	0,9